

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 962, frá 20. desember 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. janúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- | | | | |
|----|---|-----|---------|
| a) | Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 átlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð. | kr. | 928,20 |
| b) | Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 56,50 |
| c) | Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns | kr. | 103,70 |
| d) | Gjald fyrir lokun og enduroppnun | kr. | 1855,80 |
| e) | <p>Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælalabots eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:</p> <ol style="list-style-type: none"> 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra. | | |

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 928,20.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald		
Allt að 300 m ³	125.460 kr.		
300 - 2 000 m ³	125.460 kr.	fyrir	300 m ³ og 115 kr./m ³ þar yfir
2 000 - 6 000 m ³	321.442 kr.	fyrir	2.000 m ³ og 92 kr./m ³ þar yfir
6 000 - 10 000 m ³	687.646 kr.	fyrir	6.000 m ³ og 74 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	986.032 kr.	fyrir	10.000 m ³ og 65 kr./m ³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 12.211 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. janúar 2004, 287,8 stig.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 2004 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 182, 7. mars 2003.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. janúar 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

SAMÞYKKT

um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Sveitarfélaginu Ölfusi, hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í samræmi við reglugerðir um fráveitur og seyru. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.